

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 77/2012****2012/EES/50/04****frá 30. apríl 2012****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2012 frá 30. mars 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/93/ESB frá 10. febrúar 2011 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/215/ESB frá 4. apríl 2011 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar umferingu afurðasendinga, sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins eða þriðju landa, á skoðunarstöð á landamærum þar sem sendingarnar eru fluttar inn ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/394/ESB frá 1. júlí 2011 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu ⁽⁴⁾.
- 5) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2011/215/ESB fellur út gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/25/EB ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 87. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/25/EB) í hluta 1.2 falli brott.
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB) í hluta 1.2:
„– **2011 D 0093**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/93/ESB frá 10. febrúar 2011 (Stjtið. ESB L 37, 11.2.2011, bls. 25),
– **32011 D 0394**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/394/ESB frá 1. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 176, 5.7.2011, bls. 45).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 3, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.8.2012, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 37, 11.2.2011, bls. 25.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 90, 6.4.2011, bls. 50.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 176, 5.7.2011, bls. 45.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 9, 13.1.2000, bls. 27.

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 147. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 388/2010) í hluta 1.2:

„148. **32011 D 0215**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/215/ESB frá 4. apríl 2011 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar umfermingu afurðasendinga, sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins eða þriðju landa, á skoðunarstöð á landamærum þar sem sendingarnar eru fluttar inn (Stj. tíð. ESB L 90, 6.4.2011, bls. 50).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2011/93/ESB, 2011/215/ESB og 2011/394/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.